

43. gr.

Enginn, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

44. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggí við samkvæmt öðrum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sandgerðis.

45. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætli opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

65

21. apríl

um að Neskaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga.

Samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Neskaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga árið 1948 og eftirleiðis, þar til annað verður ákveðið.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

AUGLÝSING

66

30. apríl

um breyting á samþykkt fyrir framræslu og áveitufélag Ölfusinga,
nr. 62 frá 3. maí 1939.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldir jarðir í Ölfushreppi:

Vindheimar, Hraun, Hraunshóll, Lágur, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjalla-Krókur, Gerðakot, Bakki I, Bakki II, Riftún, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Eystri-Þurá II, Núpar I, Núpar II, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurárholt, Kotströnd, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I, Bakkárholt II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli,